

Ed.

113. Frumvarp til laga

um iðnskóla í sveitum.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Stofna skal skóla í húsmíði og húsgagna- og búshaldagerð fyrir þá, er stunda vilja þær iðnir í sveitum landsins og kaupúnum með færri en 300 íbúa. Skal það vera heimtavistarskóli, og leggur ríkið skólanum til stað, sem vel hentar, og nauðsynleg húsakynni til að geta tekið móti 50 nemendum árlega svo og áhöld og vélar til kennslunnar, sem vanda skal til svo sem verða má.

2. gr.

Skóli þessi skal rekinn á ábyrgð ríkisins sem sjálfstæð stofnun, er her sjálf kostnað af skólahaldinu, eftir því sem tekjur hrökkva, enda njóti hún þess ágóða, er verða kann af smíðarekstri skólans og svo þeim atvinnurekstri, sem hún tekur sér á herðar samkvæmt lögum þessum. Heimilt skal stofnuninni að taka lán til framkvæmda sinna, eftir því sem nauðsyn krefur, með samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Í skólanum skal fara fram bæði fræðileg og verkleg kennsla, og skal náms- tími hvers nemanda vera tvö ár, hefjast og vera lokið að vori. Heimilt skal þó að gefa nemendum kost á styttri námstíma, ef þeir geta sýnt, að þeir hafi fengið slíkan undirbúning, er þeir koma í skólann, að þeir geti með því orðið jafnfærir öðrum nemendum skólans. Ef einstakir nemendur verða að dómi kennara og prófdómenda ekki svo færir eftir tveggja ára nám, að rétt þyki að veita þeim þau réttindi, er skólinn veitir, skal forstöðumanni skólans heimilt að framlengja skólavist þeirra allt að því um eitt ár.

4. gr.

Skilyrði fyrir skólavist er, að nemandinn hafi verið einn vetur í héraðsskóla eða gagnfræðaskóla og fengið þar a. m. k. II. einkunn eða sem því svarar eða sýni það með prófi, að hann hafi eins mikla fræðilega kunnáttu og þeir, er slíks náms hafa notið. Hann skal hafa hlotið nokkra æfingu í meðferð venjulegustu smíða- áhalda og geta leitt að því líkur, að hann sé gott smíðsefni. Hann skal vera fullra 18 ára að aldri og hraustur til líkamlegrar vinnu.

5. gr.

Skólinn skal skiptast í tvær deildir, húsmíðadeild og húsgagna- og búshaldasmíðadeild, og skal hann geta tekið móti a. m. k. 36 nemendum við húsmíði og 14 nemendum við húsgagna- og búshaldasmíði.

6. gr.

Fræðileg kennsla skólans skal vera í þessum greinum, og skal hún vera sam- eiginleg fyrir báðar deildir, eftir því sem við getur átt: íslenzku, teikningu, bæði almennri teikningu og verkeikningu, iðnsögu, eðlisfræði og efnisfræði. Einnig skal nemendum gefinn kostur á nokkurri kennslu í íþróttum og söng.

7. gr.

Verklegt nám húsmíða skal miðað við það, að þeir verði færir um að standa fyrir smíði íbúðarhúsa allt að því tveggja hæða auk kjallara og leggja einfaldar lagnir fyrir rafmagn, vatn og hita. Skulu þeir læra að nokkru hvort tveggja trésmíði og múrsmíði, en velja um það, hvort af þessu tvennu þeir gera að aðalnámi

sínu. Þeir, sem gera múrsmíði að aðalnámi, skulu læra að leggja járn í steypu og leggja vatnsleiðslur og miðstöðvar eftir teikningu, en trésmíðir skulu læra málningu og veggfóðrun.

8. gr.

Verklegt nám húsgagna- og búshaldasmíða skal miða við það, að þeir verði færir um að smíða helztu húsgögn og búshöld, sem sveitaheimili þarf. Skal skólinn leggja alúð við að haga svo kennslunni, að það stuðli að því, að húsgögn megi verða sem hentugust.

Bæði húsasmíðanemum og húsgagnasmíðanemum skal leiðbeint um meðferð helztu mótórvéla og rafmagnsvéla, sem nota má við iðn þeirra.

9. gr.

Verklegt nám húsgagnasmíða skal fara fram á verkstæðum skólans, en verklegt nám húsasmíða jöfnum höndum á verkstæðum skólans og við húsabyggingar, er skólinn veitir forstöðu. Skal verknám þeirra, er fram fer við húsabyggingar, vera 5—6 mánuðir ár hvert á tímanum frá 14. maí til 15. desember, og skal skólinn takast á hendur byggingar, hvar sem er í sveitum og kaupúnum með minna en 300 íbúa. Þess skal gætt, að aldrei séu fleiri nemendur að starfi við hverja byggingu en svo, að þeir geti haft þar með höndum verkefni, er þeir læra af iðn sína, og að kennarar komi því vel við að kenna þeim réttar starfsaðferðir.

10. gr.

Við skólann skal skipaður forstöðumaður og þrír kennarar, auk þess sem þeim skal fenginn aðstoð eftir þörfum við kennslu og rekstur skólans. Launakjör fastra starfsmanna skulu vera hin sömu og við bændaskólana.

11. gr.

Forstöðumaður hefur aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og kennslu. Um meiri háttar mál, svo sem verulegar undanþágur frá námi, styttingu eða sviptingu skólavistar, kveður hann kennara til umsagnar. Hann hefur og á hendi allt reikningshald skólans.

12. gr.

Verklegt nám reglulegra nemenda skal vera 3900—4200 vinnustundir alls, þó aldrei yfir 10 stundir á dag. Sú vinna, sem þeir leysa af hendi þennan tíma, er eign skólans, en á móti veitir hann ókeypis húsnæði, kennslu, værkfæri til notkunar, fæði og tvönnan vinnuklæðnað á ári og auk þess greiðslur samkvæmt venjulegum verkamannataxta fyrir þær vinnustundir, er umfram verða 3200. Leyfa má þó nemendum að vinna í umframstundum þessum að verkefnum í eigin þágu og þá án greiðslu frá skólanum. Skólanum skal og heimilt að kaupa af nemendum meiri vinnu, er þeir vinna á verkstæðum hans og við framkvæmdir hans.

Hirðingu herbergja sinna og þvotta á fötum sínum annast nemendur með umsjón, er skólinn veitir.

13. gr.

Vanræki nemandi nám sitt eða reynist til þess illa fallinn, svo og ef hann reynist ber að óreglu eða alvarlegum brotum á skólareglum, má forstöðumaður vísa honum úr skólanum.

14. gr.

Nemendur eiga sumarleyfi a. m. k. 6 virka daga hvort sumar og vetrarleyfi frá 16.—31. desember.

15. gr.

Yfirstjórn skólans er í hendi landbúnaðarráðherra. Skal ráðherra gefa út reglugerð, sem sett er eftir tillögum forstöðumanns skólans, þar sem nánar er ákveðið

um almennar skólareglur, tilhögun kennslu, inntökuskilyrði, próf, kennslukrafta, skyldur og réttindi kennara og annarra fastra starfsmanna, rekstur húsasmíða-deildar sérstaklega og húsgagnasmíðadeildar sérstaklega, kjör óreglulegra nemi-enda, þar með þeirra, sem hafa lengri eða skemmri skólavist en 2 ár, o. m. fl.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta reglulegu Alþingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er fram borið til að bæta úr bráðri þörf. Í sveitum landsins og kaupþúnum er nauðsyn mikilla byggingarframkvæmda á næstu árum, en varla eru til nema fáir faglærðir menn í sveitum og kaupþúnum til þess að veita slíkum bygg- ingarframkvæmdum forstöðu. Kaupstaðirnir geta heldur enga hjálp veitt um þetta, því að þar er nú alls staðar hörgull á faglærðum byggingarmönnum.

Samkvæmt athugun, sem Skipulagsnefnd atvinnumála lét gera á síðastliðnu ári á íbúðarkosti sveitanna og kaupþúna (og raunar alls landsins), voru í árslok 1940 8312 fjölskylduheimili og félagsheimili í sveitum og kaupþúnum með færri en 300 íbúa, en handa þessum heimilum voru í árslok 1941 til 7257 íbúðarhús. Af þess- um húsum voru 2418, sem alls ekki var unnt að telja viðhlítandi mannabústaði. Enn fremur verður að gera ráð fyrir því, að mörg hinna 1055 heimila, sem voru umfram tölu íbúðarhúsanna, hafi orðið að setta sig við allsendis ófullnægjandi húsnæði.

Það þarf ekki í neinar grafgötur um það að fara, að Íslendingar verða á næstu árum að endurbyggja þúsundir íbúða í sveitum og kaupþúnum með færri en 300 íbúa á næstu árum. Annars verður það fólk, sem í þeim er, húsnæðislaust og leitar athvarfs í braggahverfunum í Reykjavík eða öðrum þvilíkum húsakynnum. Einnig verður að gera ráð fyrir, að lagfæra verði allmikið af þeim íbúðum, sem ekki eru inni- faldar í frammanefndri tölu.

Meðan ófriðurinn stóð sem hæst, var mjög lítið byggt í sveitum og smákaup- túnunum, en þeir, sem þar kunnu helzt eitthvað til smíða, gerðust „gervismiðir“ við byggingar fyrir setuliðið, og hefur margt þessara manna setzt að í Reykjavík og kaupstöðunum og vinnur nú þar að smíðum ýmist með réttindum eða — og það er miklu algengara — sem „gervismiðir“. En í sveitunum og kaupþúnum er nú of fátt manna, sem nokkuð verulega kunna til bygginga, en í kaupstöðunum verða smiðir ekki fengnir til að veita byggingum í sveitum eða kaupþúnum forstöðu, jafnvel ekki fyrir of fjár. Byggingarmálum sveita og kaupþúna verður því alls ekki komið í sæmilegt horf, nema komið sé upp meðal þeirra, sem í sveitum og kaup- túnunum búa, nægilega mörgum iðnlærðum mönnum til þess að takast þetta verkefni á herðar.

Ef lítið er yfir ástand byggingarmála í sveitunum, kemur í ljós, að það er yfirleitt langbezt í næstu grennd við stærstu kaupstaðina og einkum í grennd við Reykjavík og Akureyri. Að einhverju leyti liggja hér til grundvallar efnahags- legar ástæður, en hér mun einnig til greina koma, hversu auðvelt eða erfitt hefur verið að ná í hæfa smíði til að veita byggingum forstöðu.

Tvær sýslur sýnast þó hafa sérstöðu um þessi efni; þær eru ekki í næstu grennd við stóran kaupstað, og þó er ástand í byggingarmálum þeirra í bezta lagi, eftir því sem gerist í sveitum. Það er Suður-Þingeyjarsýsla, þar sem 49,5% íbúðarhúsi- anna eru „góð“, og Norður-Þingeyjarsýsla með 53,7% íbúðarhúsanna „góð“. Úr þessum tveimur sýslum eru heimildir um ástand íbúðarhúsanna sérstaklega greina- góðar, svo að treysta má því, að hlutur „góðu“ íbúðarhúsanna er þar ekki gerður of

mikill, en svo gæti þó verið í sumum hinum sýslunum. — Ástæður til þess, hve byggingum íbúðarhúsa í Þingeyjarsýslum er vel á veg komið, geta tæpast verið efnahagslegar. Til þessa geta að vísu verið fleiri en ein ástæða, en þeirra meðal mun sú ekki minnstu ráðandi, að við héraðsskólann á Laugum hefur í meira en 20 ár verið starfrækt góð smíðakennsla, — þar hefur verið starfandi sérstök smíðadeild, og hafa 4—15 nemendur árlega haft þar smíðar sem aðalnám. Sumir þessir smíðanemendur hafa stundað þar nám sitt meira en einn vetur og orðið talsvert færir smíðir. Flestir þeirra hafa verið úr Þingeyjarsýslum, og margir þeirra hafa að þessu námi sínu loknu haft áráði til að veita forstöðu smíði íbúðarhúsa, oftast fyrst heima sjá sér, síðan í nágrenni sínu. Þess eru dæmi, að þeir hafi eftir þetta gert húsasmíði að aðalstarfi. Þessi smíðakennsla á Laugum, sem þó getur alls ekki talizt fullnægjandi í þessum efnum, hefur stuðlað mjög að því, að næstu sveitirnar við skólann eru nú einhverjar bezt húsuðu sveitir landsins.

Hugmyndin um þann skóla, sem hér eru gerðar tillögur um, er að verulegu leyti sprottin upp úr þeirri reynslu, sem þarna hefur fengizt, enda hafa þeir Leifur Ásgeirsson og Arnór Sigurjónsson, fyrrverandi skólastjórar að Laugum, unnið að því í samráði við mig að semja frumvarp þetta.

Ekki þykir þörf að láta fylgja frumvarpi þessu skýringar á hverri grein þess. En nokkur atriði þess skulu þó lítilega rædd og að mestu í þeirri röð, er þau koma þar fram.

1. Með þessum skóla mundi vera stofnað til nýjungar í skólamálu okkar, þannig að ekki er um verulegar fyrirmyndir að ræða. Því er frumvarpið þannig samið, að leitazt er við að láta það koma skýrt fram, hvaða verkefni skólanum er ætlað og hvornig til er ætlazt, að hann leysi það í aðalatriðum. En hins vegar er svo um búið, að sá maður, sem valinn verður til að veita skólanum forstöðu, hafi sem lausastar hendur til að haga störfum hans eftir því, sem fyrsta reynsla sýnir, að bezt hentar. Honum er ætlað að gera tillögur um þá reglugerð, sem skólanum verður sett og skólinn á að starfa eftir, og mætti það vel dragast, þar til skólinn hefði verið starfræktur 1—2 ár.

2. Ekki hefur þótt fært að benda á ákveðinn stað fyrir skólann, enda er það ekki hægt nema að undangenginni athugun og samningum, sem ríkisstjórnin ein getur látið framkvæma. En sjálfsagt þykir, að skólanum sé valinn staður í sveit, þar sem mætti vera góður kostur rafmagns til þess að knýja þær vélar og verkfæri, er hann kann að nota á verkstæðum sínum, jarðhita til upphitunar húbýla hans og verkstæða, og æskilegt er, að hann verði þannig settur, að mikil verkefni séu nærtæk til byggingar íbúðarhúsa í næstu framtíð. Sem dæmi um stað, sem fyrir margra hluta sakir væri vel fallinn til handa skólanum, má nefna Varmahlíð í Skagafirði, þar sem vatnsorka til rafvirkjunar er nærri, mikill jarðhiti er til hitunar húbýla og mikil verkefni fyrir byggingarmenn í stórri samfelldri byggð umhverfis staðinn. Það skal þó jafnframt tekið fram, að á landinu eru til fleiri staðir, sem bjóða fram áþekkt skilyrði.

3. Einhverjum mun ef til vill þykja sem nemendum þessa skóla sé ætlaður of stuttur námstími, þar sem iðnnám í þessum greinum er 4 ár í kaupstöðum. En þess er fyrst að geta, að gerðar eru meiri kröfur um kunnáttu til þess, að nemendur fái inngöngu í skólann en til þess að fá að stunda iðnnám í kaupstöðum. Í annan stað má gera ráð fyrir, að meiri alúð verði lögð við kennsluna en algengt er við kennslu iðnsveina, sem mjög oft eru látnir vinna alls konar verk fyrri hluta námstíma síns. En er þess að geta, að varla er gerð eins rík krafa um kunnáttu þeirra að náms tímanum loknum og tilsvareandi iðnaðarmanna í kaupstöðum. Er t. d. húsasmíðunum, sem lært hafa í skólanum, ekki ætlað án frekara náms að standa fyrir byggingu stærri íbúðarhúsa en tveggja hæða.

4. Ekki þykir rétt, að skóli þessi verði mjög stór stofnun, því að slíkt mundi

gera kennslu við hann og allt starf erfiðara, enda þyrfti þá líka miklu meira fjármagn til að koma honum upp og reka hann. En ef hann reynist mikið þjóðþrifa-fyrirtæki, eins og flutningsmaður frumvarpsins væntir, þá er til ætlað, að fleiri þvilikir skólar verði stofnaðir þannig, að ef t. d. Norðurland fengi þennan fyrsta skóla, þá kæmu síðar skólar í hinum fjórðungunum.

5. Svo er til ætlað, að námið verði aðallega í því fólgið, að nemendur séu látnir vinna að hagkvæmum verkefnum undir handleiðslu og fyrirsögn kennara. Húsgagnasmiðum er ætlað að vinna að smíði húsgagna og búshalda á verkstæðum skólans. Mundi þá sú deild skólans reka húsgagnavinnustofu fyrir sveitirnar, og ber að ætla henni forustu um það, hvernig húsgögn og búshöld verða bæzt valin. — Húsasmiðum er ætlað að vinna í flokkum undir stjórn kennara skólans að húsa-byggingum mikinn hluta ársins, frá því snemma að vori fram á haust og jafnvel fram yfir veturnætur, en nokkurn hluta ársins, meiri hluta vetrar, á verkstæðum skólans. Til þess er ætlað, að kjör nemenda í báðum þessum deildum skólans verði að því leyti áþekk þeim kjörum, sem iðnnemum í kaupstöðum eru boðin, að þeir vinni ákveðinn vinnutíma á dag fyrir kostnaði sínum í skólanum, t. d. 7 vinnustundir hvern virkan dag vor, sumar og haust, en 4—5 vinnustundir á veturna þann tíma, sem þeir njóta fræðilegrar kennslu. Sú vinna, sem er umfram þennan tilskilda vinnutíma í þágu skólans, skal hins vegar vera þeirra eign, og skal skólinn greiða fullt kaup fyrir þá vinnu, ef hann kaupir hana, og er til þess ætlað, að hann geri það að vissu marki. Á þennan hátt mundi nemendum bæði skapazt góð námskjör og þeir fá skilyrði til þess að ljúka námi bæði fljótt og vel.

6. Sjálfsgagt þykir að gera talsverðar kröfur um það, að nemendur, sem skólann sækja, hafi náð talsverðum þroska bæði að aldri og menntun, og mun frekar of skammt en of langt gengið í frumvarpinu um það. Þeir, sem lokið hafa námi við skólann, eiga að vera færir um að standa fyrir byggingum venjulegra íbúðarhúsa í sveitum og kaптúnunum, og mundi ekki þykja fært að fela það yngri mönnum en um tvítugt, og er til þess stefnt með ákvæðum frv., að nemendur geti útskrifazt frá skólanum tvítugir, en ekki yngri. Um fræðilega kunnáttu mega smíðir sveita og kaптúna ekki standa að baki smíðum í kaupstöðum. Þeir þurfa að vera svo færir bæði í iðn sinni og sem almennt menntaðir menn, að þeir geti einir síns liðs ráðið fram úr þeim vandamálum, sem það að standa fyrir húsgagnasmiði eða húsgagnaverkstæði leggur þeim á herðar, og þeir verða að geta fundið það, að þeir standi jafnfætis húsa-byggingarmönnum og húsgagnasmiðum í kaupstöðum bæði að kunnáttu í sérgrein sinni og að almenuri menntun.

7. Til þess er ætlað, að nemendur skólans fái ekki iðnréttindi nema í sveitum og kaптúnunum. Þetta er ekki vegna þess, að búizt sé við því, að þeir verði verr búnir að kunnáttu í sinni grein en iðnaðarmenn kaupstaðanna, heldur er það til þess, að hér þurfi ekkert að rekast á þá iðnlöggjöf, sem nú er í gildi, og til þess að engin réttindi séu skert hjá þeim iðnaðarmönnum, sem við eigum nú. Hins vegar nær nógildandi iðnlöggjöf ekki til sveitanna og smærri kaптúnanna, og þar bíður verkefni, sem iðnaðarmenn okkar geta ekki annað, og er nemendum skólans einmitt ætlað það.

8. Þess skal að lokum getið, að fjárfesting flestra bænda er eins mikil eða meiri í byggingum og í ræktun og bústofni til samans. Því er ekki aðeins rangt að láta sveitirnar skorta sérmenntaða iðnaðarmenn, til þess að allar meiri háttar byggingar þar megi verða sæmilega vel gerðar, heldur er hverjum bónda eins nauðsynlegt að kunna talsvert til smíða eins og að kunna nokkuð til jarðræktar og kvik-fjárræktar. Námið við slíkan skóla, sem hér er gerð tillaga um, mundi því vera mörgu bóndaefni hentugt. Einnig mundu þeir, er námi hefðu lokið við skólann, kenna mörgum sveitapilti helztu handtök iðnaðar sinnar, svo að fleiri yrðu „búhagir“ eins og það hefur verið kallað, en það hefur alltaf þótt hin mesta þryði á hverjum bónda.“

Iðnaðarnefnd hafði leitað álits teiknistofu landbúnaðarins og Landssambands iðnaðarmanna. Frá þeim bárust umsagnir, sem þannig hljóða:

TEIKNISTOFA LANDBÚNAÐARINS

Reykjavík, 19. des. 1945.

Ég undirritaður hef kynnt mér frumvarp til laga um iðnskóla í sveitum samkvæmt beiðni háttvirtrar iðnaðarnefndar. Ég álit, að frumvarp þetta sé komið fram af ríkri nauðsyn og sé mjög mikilsvert, að það verði að lögum sem allra fyrst. Í frv. virðist tekið fram allt það helzta, sem máli skiptir, og vil ég því eindregið mæla með því eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllt
Þórir Baldvinsson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 7. febr. 1946.

Háttvirt iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur óskað umsagnar Landssambands iðnaðarmanna um frumvarp til laga um iðnskóla í sveitum, og viljum vér þar um leyfa oss að taka eftirfarandi fram:

Stjórn Sambandsins er samhála flutningsmanni frumvarpsins um það, að það er langt frá því, að ástandið í byggingarmálum sveitanna sé viðunandi, og að því valdi að miklu leyti þekkingarleysi á þessu sviði og skortur kunnáttumanna til þess að sjá um smíði sámilegra húsa. Rétt er þó í því sambandi að benda á, að löggjafinn hefur ekki hingað til viljað ætla sveitunum kunnáttumenn á þessu sviði, og að skortur kunnáttumanna stafar af því.

Ráðstafana til úrbóta í þessum efnun er því þörf, og sennilegt, að opinber skóli verði eina ráðið, er að gagni kemur, enda séu kennarar skólans fulllærðir iðnaðarmenn.

Stjórnin vill því fyrir sitt leyti mæla með þeirri grundvallarhugmynd, sem frumvarpið byggist á, en leyfir sér jafnframt að gera við frv. eftirfarandi athugasemdir:

1. Við 1. gr. og 5. gr. Rétt þykir að benda á, að verkstæði, sem rúmar 100 manns að vinnu við trésmíðar (glugga, hurðir, skápa og önnur húsgögn), ásamt geymslum fyrir efni og smíðisgrip, skólastofur, heimavistir og íbúðir kennara, er feiknamikið hákn, og virðist enda óþarflega stórt. Samkvæmt frv. virðist nemendum skólans ætlað að hafa smíðarnar að aðalvatvinnu, og ætti þá að nægja til að byrja með, að skólinn rúmaði aðeins helming þess fjölda, sem í frv. er nefndur, enda viðráðanlegra að öllu leyti.
2. Við 3. gr. Í frv. er hvergi talað um, að skólinn veiti ákveðin réttindi, enda getur hann það ekki. Þar sem í 3. gr. er talað um að veita réttindi, mun því vera á misskilningi byggt. Hitt virðist sjálfsagt, að skólinn láti þeim, sem lokið hafa námi og hæfir teljast, í té burtfararskírteini, og mun það vera það, sem í greininni er nefnt réttindi.
3. Við 4. gr. Í frumvörpum millipinganefndar í skólamálu er gert ráð fyrir, að tveggja ára framhaldsnámi, miðskólapróf, veiti aðgang að iðnskólum og öðrum framhaldsskólum. Virðist rétt, að sömu kröfur verði gerðar við þennan skóla í byrjun.
4. Við 6. gr. Sú fræðigreini, sem smíðir og aðrir iðnaðarmenn reka sig oftast á, að þá vanti kunnáttu í, er reikningur, en hann á alls ekki að kenna í skólanum. Kennsla í iðnsögu er hégómi, og vér teljum miklu meiri þörf á að kenna í

skólanum reikning og undirstöðuatriði efnafræði sem undirbúning undir nám í efnisfræði.

5. Við 7. gr. Húsasmiðum er ætlað að læra húsasmiði, múrsmíði, rafmagnslagnir, pípulagningar, málningu og veggfóðrun á 2 árum og samt að vera eins færir í hverri grein og þeir, sem læra í kaupstöðum í 4 ár eina iðn (sbr. 7. lið í greinargerð). Hvað sem því liður, þá vildum vér benda á, að rafmagnslagnir eru svo veigamiklar og varasamar lagnir, að hæpið sé fyrir ríkisvaldið að kenna „fúsk“ í því, jafnvel þótt á sveitabýlum sé.

Um greinargerðina skulum vér láta nægja að benda á mótsagnirnar í 3., 6. og 7. lið, og að það er ekki rétt, að frumvarpið geri ráð fyrir meiri kunnáttukröfum til inngöngu í skólann en nú er til inngöngu í iðnskóla.

Virðingarfyllst.

F. h. Landssambands iðnaðarmanna
Helgi H. Eiríksson.

Guðm. H. Þorláksson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Sú greinargerð, sem máli þessu fylgir, er nægileg. Þó er rétt að geta þess, að því meir sem mál þetta er rætt, því ljósari verður nauðsyn þess. Ég hef komið að raun um, að fá menningarlönd munu jafnfátæk af tækniskólum sem Ísland. Vegna hinnar hraðfara tækniþróunar, sem hér er að skapast og verður að koma, er það augljós og aðkallandi nauðsyn, að iðnskóli í sveitum verði stofnsettur án tafar.